

Skipulags- og byggingarnefnd

FUNDUR – 27. maí 2003

Fundur haldinn í skipulags- og byggingarnefnd þriðjudaginn 27. maí 2003 kl. 18,00 í Félagsheimilinu á Blönduósi.

Dagskrá:

1. Erindi frá Vegagerðinni. Framkvæmdaleyfi til lagningar Þverárfjallsvegar frá Skagastrandarvegi að Skúfi og staðfestingu á skipulagi.

Afgreiðsla:

Nefndin staðfestir framkvæmdaleyfi á vegagerð Þverárfjallsvegar frá Skagastrandarvegi að brúarstæði á Laxá sbr. teikningu 744-01. Vísast í því sambandi til fundargerðar hreppsnefndar Engihlíðarhrepps þann 4. febrúar 1999, þar sem hreppsnefnd gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir og mælir með þeim.

2. Erindi frá Heilbrigðisstofnuninni Blönduósi sem varðar umferðarmál. Óskað er heimildar til að máluð verði “zebrabraut” eftir nokkrum götum í nágrenni sjúkrahússins, þar sem sjúklingar og vistmenn geta stundað gönguferðir af meira öryggi fyrir akandi umferð en nú er. Zebrabraut er braut, sem er máluð skástrikum, sem táknar að hún sé sérstaklega ætluð gangandi vegfarendum. Einnig að sett yrðu upp 2 skilti í nágrenni sjúkrahússins, þar sem ökumenn eru varaðir við umferð gangandi fólks. Ennfremur yrðu settir upp 3 bekkir til hvíldar fyrir göngufólk í nálægð við áðurnefndar zebrabrautir.

Afgreiðsla:

Málinu frestað vegna ófullnægjandi gagna.

3. Önnur mál.

Breytingar á gluggapóstum að Hlíðarbraut 17, erindi Jakobs Jónssonar.

Afgreiðsla:

Erindið samþykkt.

Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 19,00.

Bjarnheiður Jóhannsdóttir
Guðmundur Ingbórsson
Jakob Þór Guðmundsson
Rolf Árnason

Þórdís Erla Björnsdóttir
Jón Sigurðsson
Bragi Árnason